




*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/313*  
*komudagur 13.11.2007*

Fjárlaganefnd Alþingis.  
Hr. Gunnar Svavarsson, formaður.

Reykjavík, 13. nóvember 2007.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 10. október sl, þar sem óskað er eftir álitum utanríkismálanefndar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008. Álit meiri hluta nefndarinnar sendist yður hér með.

F. h. formanns utanríkismálanefndar,

  
Sigrún Brynja Einarsdóttir,  
nefndarritari.

UTANRÍKISMÁLANEFND

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 10. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Grétar Má Sigurðsson og Pétur Ásgeirsson frá utanríkisráðuneyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárlagarammi utanríkisráðuneytisins stækki um tæplega 1.053 m.kr sem jafngildir 23% m.v. fjárlög fyrir árið 2007.

Nú er í fyrsta skipti gert ráð fyrir sérstökum fjárlagalið vegna varnarmála. Gert er ráð fyrir að rekstargjöld á honum nemi tæplega 534 m.kr. og renni að mestu til verkefna í tengslum við yfirtöku Íslendinga á starfsemi á Keflavíkurflugvelli eftir brotthvarf Bandaríkjahers. Einnig er gert ráð fyrir sérstökum fjárlagalið vegna Ratsjárstofnunar vegna yfirtöku Íslands á rekstri stofnunarinnar.

Heildarfjárveiting til þróunarmála og alþjóðastofnana skv. fjárlagaliðum 03-390, 03-391 og 03-401 nemur rúmlega 4.187 m.kr. sem jafngildir meira en 13% hækkun að raungildi frá fjárlögum ársins 2007. Undanfarin ár hafa framlög Íslendinga til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi markvisst verið hækkuð með hliðsjón af því markmiði ríkisstjórnarinnar að auka framlög til þróunarmála þannig að þau verði 0,35% af vergri landsframleiðslu árið 2009. Meiri hlutinn er sammála því markmiði að auka útgjöld til þróunarmála. Meiri hlutinn telur umikilvægt að gert verði ráð fyrir auknum fjárveitingum til Alþingis þannig að utanríkismálanefnd geti sinnt eftirlitshlutverki sínu með friðargæslu, þróunarmálum og hjálparstarfsemi á erlendri grundu sem skyldi. Jafnframt þarf að huga að alþjóðlegum samskiptum fastanefnda þingsins í tengslum við framkvæmd EES-samningsins.

Kristinn H. Gunnarsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 12. nóv. 2007.

Bjarni Benediktsson, form.

Árni Páll Árnason,

Ragnheiður E. Árnadóttir,

Ásta R. Jóhannesdóttir,

Siv Friðleifsdóttir,

Guðfinna S. Bjarnadóttir,

Lúðvík Bergvinsson,

Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.